

060/01 - Múlaberg SI-22

Múlaberg SI-22, skipverji slasast við togveiðar

Múlaberg SI-22

Skipaskr.nr.: 1281

Smíðaður: Niigata Japan 1973 Stál

Stærð: 550,00 brl; 808,00 bt

Lengd: 53,87 m **Breidd:** 9,50 m **Dýpt:** 6,50 m

Vél: Niigata 1.691,00 kW **Árgerð:** 1973

Annað:

Földi skipverja: 7



Atvikalýsing

Þann 15. júlí 2001 var Múlaberg SI-22, að rækjuveiðum norðvestur af Grímsey. Veður: Beytileg átt 5 m/sek., ládauður sjór.

Eftir kl 08:00 um morguninn var verið að hífa trollið. Þegar verið var að hífa í grandarann kom í ljós að upphalarakeðjan og bakstroffuskottið var óklár stjórnborðsmeginn. Hífing var stöðvuð meðan skipverjar lásuðu upphalarann frá til að laga snúninginn. Grandarinn lá þá yfir skutrennulokuna, sem var ekki alveg niðri. Einn skipverja brá hendinni undir grandarann til að ná í upphalarann og taka snúninginn af honum. Los kom á grandarann og skall hann niður á skutrennulokuna þar sem skipverjinn var með höndina og festist höndin á milli lokunnar og grandarans. Slasaðist skipverjinn á fingrum. Aðrir skipverjar komu og hífðu grandarann af hendi þess slasaða.

Við rannsókn kom fram

- að við að taka trollið kom í ljós að upphalarakeðjan lá öfugu megin við grandarann;
- að sögn eins skipverja var slakað á upphalaranum.

Nefndarálit

Nefndin telur orsök slyssins vera að hinn slasaði hugði ekki að sér þegar hann brá hendi undir vír sem var á lofti. Telur nefndin að um óvarleg vinnubrögð hafi verið að ræða.